

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 137. löggjafarþings, frá 27. ágúst 2009 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 1. október 2009.

Gjört á Bessastöðum, 27. ágúst 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.“

Alþingi samþykkti hinn 28. ágúst 2009 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 137. löggjafarþings, frestað hinn 28. ágúst 2009.

Forsætisráðuneytinu, 28. ágúst 2009.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.